

Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild miðvikudaginn 19. janúar 2022 kl. 17.30, netfundur.

Fundinn sátu Gunnar Frímansson formaður, Karen Malmquist varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Sigríður Stefánsdóttir Kári Fannar Lárusson. Einnig sátu fundinn Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri og Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri, að hluta til.

Fundarefni:

1. Endurbætur á suðursal.  
Stjórnin staðfestir heimild til deildarstjóra að láta lagfæra tölvubúnað og skjávarpa í suðursal.
2. Ráðning starfsmanns í 20% starf.  
Stjórnin staðfestir heimild til deildarstjóra að ráða Sóleyju Stefánsdóttur í 20% starf til að sinna flóttafólki á starfssvæðinu.
3. Útleiga á suðurenda Viðjulundar 2.  
Forsvarsmenn hundasnyrtingarinnar í suðurenda hússins í Viðjulundi hafa óskað eftir að fá að leigja til viðbótar geymsluna í suðurendanum og breyta henni eftir þörfum sínum.  
Stjórnin felur deildarstjóra að finna leið til að leysa geymslupörf deildarinnar og að leigja geymsluna í suðurendanum til forsvarsmanna hundasnyrtingarinnar.
4. Breytingar á lögum Rauða krossins.  
Stjórn Rauða krossins hefur sent til deilda drög að tillögum til aðalfundar um breytingar á lögum félagsins.  
Stjórn Eyjafjarðardeildar gerir eftirfarandi athugasemdir við útsend drög að lagabreytingum:  
a) aðalfundir Rauða krossins verði haldnir á hverju ári en stjórn geti ákveðið að halda annan hvern aðalfund með fjarfundarsniði.  
b) fjöldi fulltrúa á aðalfundi frá hverju landssvæði verði miðaður við fjölda félagsmanna á viðkomandi svæði sem greitt hafa árgjald fyrir síðustu áramót.  
c) framboðsfrestur til stjórnar Rauða krossins renni út hálfum mánuði fyrir aðalfund  
d) fundargerð aðalfundar verði birt á vef Rauða krossins eigi síðar en þremur vikum eftir aðalfund  
e) tilgreint verði í 11. grein eða í greinargerð hvað átt er við með hugtakinu „æðstu stjórnendur“. Stjórn getur sett nánari reglur um skyldur og störf æðstu stjórnenda.
5. Fjáröflunarskýrsla starfshóps Rauða krossins.  
Stjórn Eyjafjarðardeildar hefur haft til skoðunar skýrslu starfshóps Rauða krossins á Íslandi um fjáröflun, tekjuskiptingu og rekstur.  
Stjórnin er sammála mögum þeim ábendingum og tillögum sem fram koma í skýrslunni, en bendir á að leggja mætti meiri áherslu á leiði sem nýta sjálfboðið starf, t.d að afla fjár með söfnun, flokkun og sölu fatnaðar sem sumar deildir hafa umtalsverðar tekjur af.  
Stjórnin tekur undir þá tillögu starfshópsins að deildir, sem eiga uppsafnað fjármagn umfram rekstrarkostnað til eins árs, fái ekki úthlutað úr sameiginlegum tekjustofnum.  
Jafnframt styður stjórnin tillögu um stofnun rekstrarsjóðs þar sem deildir gætu ávaxtað fjármagn sitt á betri kjörum en þær eiga nú kost á.  
Loks tekur stjórnin undir tillögu starfshópsins um að reglur, tilgangur og markmið varasjóðs félagsins verði endurskilgreint sem fyrst.
6. Stjórnarkjör á aðalfundi Rauða krossins 21. maí 2022.  
Auglýst hefur verið eftir framboðum í stöðu formanns, varaformanns, fjögurra

stjórnarmanna – allar stöðurnar til fjögurra ára – og tveggja varamanna til tveggja ára. Formaður lýsir þeirri skoðun sinni að æskilegt sé að stjórnarmenn Rauða krossins hafi reynslu af sjálfboðnu starfi fyrir félagið og hafi auk þess tekið þátt í stjórn deildar. Formaður hvetur stjórnarmenn til að íhuga framboð til stjórnar Rauða krossins.

7. Önnur mál

- a. Stjórnin tilnefnir Valdísi Gunnlaugsdóttur, Pál Sverrisson og Þorbjörgu Þórðardóttur í kjörnefnd fyrir aðalfund Eyjafjarðardeildar í mars 2022.
- b. Stjórnin felur deildarstjóra að gera tillögu til stjórnar um dagsetningu aðalfundar. Tillagan verði send stjórn í tölvupósti til samþykktar eða synjunar.
- c. Deildarstjóri gerði grein fyrir bráðabirgðauppgjöri síðasta rekstrarárs. Staðan er vænlegri en við var búist.
- d. Skaðaminnkunarteymi í Reykjavík er á leið til Kaupmannahafnar að kynna sér m.a. neyslurými. Verið er að kanna hvort fulltrúar frá Eyjafjarðardeild geti tekið þátt. Samþykkt að deildarstjóri geti unnið að framkvæmd málsins.